

FRAMVINDUSKÝRSLA UM FORNLEIFARANNSÓKNIR Í ÖXNEY Á BREIÐAFIRÐI 2007



FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES.

FS416-07185

GUÐRÚN ALDA GÍSLADÓTTIR OG UGGI ÆVARSSON

REYKJAVÍK 2009





© Fornleifastofnun Íslands 2009  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: fsi@instarch.is

## EFNISYFIRLIT

|                                                       |    |
|-------------------------------------------------------|----|
| Forsíða.....                                          | 1  |
| Eyjamenning á Breiðafirði: lands og sjávarhættir..... | 4  |
| Öxney í mynni Hvammsfjarðar.....                      | 7  |
| Fornleifaskráning.....                                | 8  |
| Uppgröftur.....                                       | 9  |
| Könnunarskurður #1.....                               | 9  |
| Könnunarskurður #2.....                               | 11 |
| Könnunarskurður #3.....                               | 12 |
| Könnunarskurður #4.....                               | 13 |
| Akurminjar.....                                       | 14 |
| Vísbendingar.....                                     | 14 |
| Heimildir.....                                        | 15 |

## EYJAMENNING Á BREIÐAFIRÐI: LANDS- OG SJÁVARHÆTTIR

Breiðafjarðareyjar eru álitnar óteljandi og er það því ekkert áhlaupaverk að ætla að ráðast í fornleifarannsókn á Breiðafirði. Skipta má eyjunum á Breiðafirði upp í nokkra klasa, eftir legu, og er ætlunin að taka 1 – 2 eyjar úr hverjum eyjaklasa til rannsóknar á komandi sumrum.

Sumarið 2007 var riðið á vaðið og Öxney í mynni Hvammsfjarðar gerð skil.

Búið er að taka saman allar mögulegar ritheimildir um Breiðafjarðareyjar og vinna svæðisskráningu upp úr þeim. Fornleifastofnun Íslands ses. vann skráninguna fyrir styrk frá Ferðamálafélagi Reykhóla og Dala annarsvegar og Dalabyggðar hinsvegar. Svo virðist sem minjastaðir fundnir á vettvangi séu allt frá 20% upp í 100% fleiri heldur en getið er um í heimildum.



D-GPS STÖÐ Í UPPSETNINGU

Markmið verkefnisins er að skoða hvernig hægt er að beita fornleifafræðilegum aðferðum til að varpa ljósi á manninn sem geranda í fortíðinni og stöðu hans í landinu. Breiðafjarðareyjar og lífshættir í eyjunum eru einstakar; landamerki ráðast af náttúrulegum mörkum þótt eignarhald sé jafn margbrotið og á fastalandinu. Lífshættir réðust af því landi sem menn höfðu til umráða en sjósókn virðist hafa verið mismikil eftir því hvar fólk bjó á Breiðafirði. Mikil samskipti voru á milli eyjanna en einnig upp í land. Talið er að byggð hafi komist snemma á í eyjunum enda höfðu þær marga góða kosti við fyrsta landnám; gott aðgengi að veiðilendum, góð yfirsýn, skógleysi og hægt um vik að sleppa búfé. Áhugi er fyrir að kanna menningu landsvæðisins í ljósi náttúrulegs landslags og menningarlandslags sem er í sífelldri þróun. Ýmsir þættir eru kannaðir, s.s. landnýting, landbúnaður, sjósókn, mataræði, veiðar, lendingarstaðir, breytingar af mannavöldum á gróðri og jarðvegi og þá staðsetningu býla, verbúða, þjóðleiða, heiðinna grafa og kirkna.

Úr upplýsingunum sem fást er unnið að minja- og örnefnakorti af þeim eyjum sem rannsakaðar eru auk þess sem tekin eru viðtöl við fólk sem bjó á viðkomandi stað eða á ættir að rekja þangað. Með viðtölunum er safnað frekari heimildum um staðsetningu örnefna og sögu minjastaða að viðlagðri upplifun, reynslu og viðhorfum fólks sem býr eða bjó á svæðinu. Keppikeflið með viðtölunum er að fá viðmælendur til að tjá sig um þætti sem lítið sem ekkert hafa verið skoðaðir. Ekki verður einvörðungu einblínt á verkmenningu (búskaparstörf og útgerð) heldur einnig innra líf fólks: upplifun þess á landinu, veðri, skammdegi, sjálfsmynd þess og ímynd, einangrun og

samskipti.

Almennur ávinningur slíks safns viðtala við fólk – oft á tíðum eldra fólk – sem þekkir svæðið vel er dýrmætur menningararfur í sjálfu sér. En hér verður farið lengra því reynt verður að vinna úr þeim upplýsingum sem koma fram: hin staðbundna þekking verður notuð beint með því að flétta hana saman við fornleifaskráninguna. Uppgröftur í garðlög, rulsahauga eða tóftir, viðtölin og fornleifaskráningin mynda saman rannsóknarnálgun sem mætti kalla landsháttafornleifafræði sem er þá heildstæð mynd af þjóðmenningu þeirri, andlegri og verklegri, sem þrífist hefur við Breiðafjörðinn.

Eins og gert hefur verið sumrin 2007 í Öxney og 2008 í Hergilsey og Akureyjum þá eru teknar saman allar hugsanlegar ritheimildir og náð tali af heimildamanni áður en haldið er á vettvang. Þegar komið er í tiltekna eyju eru allar fornleifar – bæði þær sem eru sjáanlegar á yfirborði og þær sem ekki sjást en heimildir eru fyrir – skráðar rækilega. Í því felst að skrifa leiðarvísi, umhverfislýsingu og minjalýsingu, minjarnar eru teiknaðar upp í skala, þær ljósmyndaðar og tekið gps-hnit. Aukinheldur er hver tóft „teiknuð“ beint inn á tölvutækt form (DGPS) þannig að öll afstaða er rétt í landshnitakerfinu (ISN93-WGS84).

Þegar það þykir eiga við er fengið uppgrafterleyfi hjá landeigendum og Fornleifavernd ríkisins og grafið í tóftir, garðlög eða öskuhauga. Þá eru jarðvegssýni tekin og borað með jarðvegsbor ef þannig ber undir. Notast er við uppgraftertækni sem kennd hefur verið við einingar (single contex planning) sem þýðir að hverju lagi er flett af sérstaklega í því augnamiði að geta endurgert jarðlagaskipanina eftir á með því að leggja hverja teikningu ofan á þá næstu neðar. Hverju lagi er lýst í texta, það teiknað, hæðarsett og ljósmyndað. Gögnunum er svo komið á stafrænt form þannig að handhægt er að sjá hvernig jarðlögin mynda eina heild, t.d. garðlag. Með þessari aðferð er tryggt að gripir sem kunna að finnast villist ekki á milli mannvistarlaga.

Stefnt er að því að gera fólki í héraði niðurstöður frá hverju ári á einhvern hátt sýnilegar, ýmist með sýningum, útgáfu, málþingum eða heimasvæði á veraldarvefnum.

Gildi rannsóknarinnar felst í því að öðlast skilning á samfélagi fólks í Breiðafjarðareyjum og lífnaðarháttum þeim sem þar hafa verið við lýði í aldanna rás. Með greftri könnunarskurða, kerfisbundinni fornleifaskráningu og viðtölum við staðkunnuga er hægt að fá innsýn í menninguna eyjanna og þá um leið verður til samanburðarefni við lífið í landi.

Það hefur í sjálfu sér gríðarlegt vísindalegt gildi að afla fornleifafræðilegra gagna um Breiðafjarðareyjar því menningarminjar hafa ekki verið rannsakaðar kerfisbundið í eyjunum né þær skráðar á heildrænan máta þrátt fyrir að saga þeirra sé mikil og löng. Vélmenning náði aðeins að takmörkuðu leyti til eyja og því hafa minjar þar ekki horfið í eins miklum mæli vegna túnasléttunar eða vegagerðar eins og víða uppi á landi. Varðveisla fornleifa ætti því að vera einstaklega góð.

Nýnæmi rannsóknarinnar felst ekki einvörðungu í auknum skilningi á samspili manns og náttúru heldur má einnig líta svo á að verið sé að þróa aðferð við ritun byggðarsögu: það verður ekki einblínt á einangraða þætti eins og ritheimildir eða fornleifar heldur verður reynt að draga upp mynd af lífsháttum og –viðhorfum fólks í gegnum tíðina í viðari skilningi en gert hefur verið í fornleifarannsóknum. Rannsóknin er sjálfkrafa liður í því endurmati á íslenskri sveitamenningu sem um þessar mundir er farið að kræla á í fræðasamfélaginu en rannsóknir á því sviði hafa legið í láginni síðustu áratugi.

## ÖXNEY Í MYNNI HVAMMSFJARÐAR



ÖXNEY ÚR LOFTI

*"Samkvæmt fornum heimildum nam Eiríkur rauði land í Öxney, þá hann var útlægur ger úr Dölum, og bjó þar, þangað til hann fór að leita lands þess, er hann nefndi Grænland. Enn sjást skýrar rústir, þar sem talið er, að Eiríksbær hafi staðið. Einnig sést fyrir öflugum túngarði. Eiríksstaðir voru á háu holti inni á miðri eyju, langt frá sjó, og því erfitt um alla aðdrætti. Þess vegna var bærinn snemma færður nær sjónum, þangað sem hann er nú. En talið er, að eldra bæjarstaðið hafi hentað vel manni, sem átti í vígaferlum og þurfti því að vera um sig og fylgjast með skipaferðum víða að," segir í örnefnaskrá SJ." Íbúðarhúsið í Öxney er reist fyrsta árið, sem Jóhann Jónasson bjó í eyinni [það mun þá vera 1882]. Þetta er timburhús, tvær hæðir, ris og kjallari, og þótti mesta höll á sínum tíma. Húsbúnaður var einnig svo sem tíðkaðist hjá heldri mönnum," segir í örnefnaskrá SJ.*

Öxney í mynni Hvammsfjarðar er í Skógarstrandarhreppi og var í Snæfellsýslu en mun nú heyra til Dalabyggðar. Fyrst er getið um Öxney í máldaga Eyrarkirkju (Narfeyrarkirkju) í Álfafirði við árið 1224 (D.I. 1. bindi, 465). Örnefninu skýtur upp öðru hverju næstu aldirnar og er þá minnst á Öxney í sambandi við kirkjuna í Álfafirði. Þekktust er eyjan fyrir þá sögn að Eiríkur rauði hafi byggt sér þar bæ og búið í Öxney þangað til hann sigldi til Grænlands.

Öxney er stærsta eyjan sem tilheyrir Skógarstrandarhreppi (talin ca. 4x2,5 km). Eyjunni fylgja upp undir

100 hólmar og sker. Eyjan er nokkuð hrjóstrug með ásum og klettaborgum en einnig eru mýrarflákar á blettum, vallendisgróður til jafns við lyng. Gott er að lenda báti í Öxney í vikum og skorum sem frá náttúrunnar hendi eru aðdjúpar. Eyjan er í einakeign. Frá því um 1700 virðist hafa verið búið í Öxney allar götur fram til 1970 þegar búseta lagðist þar af (Árbók Ferðafélags Íslands 1989, 91–94).

Fjórir fornleifafræðingar, Guðrún Alda Gísladóttir, Garðar Guðmundsson, Oscar Aldred og Uggi Ævarsson, héldu til Öxneyjar um mánaðamótin júlí/ágúst sumarið 2007 og dvöldu í vikutíma við rannsóknir.

#### FORNLEIFASKRÁNING



BÆJARSTÆÐI Í ÖXNEY ÁSAMT GARDLÖGUM

Sumarið 2007 voru skráðar 108 fornleifar í Öxney og þar af voru 54 vörður sem er langstærsti minjaflokkurinn í Öxney. Þessi fjöldi varða kemur nokkuð á óvart á ekki stærri eyju. Þess má geta að bæði í Hergilsey og Akureyjum voru aðeins örfáar vörður. Hér eru settir fram þrír minjaflokkar sem mismunandi tegundir minja heyrja undir. Flokkarnir ná yfir landbúnaðarminjar, sjóminjar og minjar tengdar öðru. Flokkunin er gróf en ágæt til síns brúks. Stökum fornleifum verður ekki líst hér í smáatriðum en nákvæm útlistun á hverjum einasta minjastað er að finna í gagnagrunninum *Ísleifu* sem er hýstur hjá Fornleifastofnun Íslands ses. Minjakort er að finna aftast í skýrslunni.

Minjar tengdar landbúnaði: vörslugarðar (5); útihús (10); stekkir (2); náthagi (1); kvíar (1); áveitugarðar (2).

Minjar tengdar sjó: lendingar (4); naust (3).

Minjar tengdar öðru eru 8 tegundir fornleifa: bústaður/bæjarhóll (2 stykki); kirkja (1); kálgarðar (4); mógrafir



(2); kolagrafir (1); leiðir (1); saltvinnsla (1); brú (1).

Vörður (54 stykki) geta gegnt ýmsum hlutverkum, yfirleitt varða þær leiðir en geta einnig verið landamerki, beinakerlingar, álagavörður, smalavörður, eyktarmörk eða til að auðkenna ákveðna þætti í landslaginu, eins og vöð á ám, góðan veiðistað o.fl. Í gegnum tíðina hefur fólk gert sér það til skemmtunar að hlaða vörður og ekki er ósennilegt að yfirsetupiltar hafi gert sér það til dundurs að hlaða vörðu og vörðu. Einnig getur náttúran dregið saman steina vegna áhrifa frosts og þýðu og



VARÐA, HORFT HEIM AD BÆ

myndað nokkurskonar falsa vörðubotna eða –brot. Í fornleifafræðilegu samhengi getur verið erfitt að eiga við vörður því ekki er gott að aldursgreina þær nema helst út frá skófunum sem yfirleitt eru meiri eftir því sem varðan er eldri. Á hinn bóginn vilja skófir þurrkast af áveðurs. Vörðurnar í Öxney hafa sennilega flestar markað leiðir, mið, lendingar og hugsanlega verið eyktarmörk, til tímasetningar.

Nokkrar minjar lenda í tveimur flokkum, þ.e. eiga bæði við búsetu og landbúnað: garðlög ýmiskonar (3); akurminjar (2); brunnar (4); tóftir sem ekki er vitað um hlutverk (3).

## UPPGRÖFTUR



KÖNNUNARSKURÐUR #1

Sumarið 2007 voru grafnir 4 könnunarskurðir í Öxney, tveir í tóftir og tveir í garðlög. Könnunarskurður #1 var grafinn í meintan Eiríksbæ; skurður #2 í garðlag sem liggur að Eiríksbæ; skurður #3 í óþekkta tóft með skálalagi og skurður #4 í áveitugarð.

### KÖNNUNARSKURÐUR #1


Tóftir hins svokallaða Eiríksbæjar eru um 550 metra norðaustur frá bæjarhóli Öxneyjar 001, litlu vestan við miðja eyju. Rústirnar eru á háu klapparholti norðan/ofan við stóra mýri, Eiríkstaðamýri, sem liggur nær því heim að bæ. Tóftirnar á holtinu eru að líkindum leifar tveggja byggingarstiga, frá ólíkum tíma. Tóftirnar eru á einskonar stalli á há-holtinu

þar sem hlaðist hafa upp mannvistarleifar en annars er holtið fremur blásið og slétt á þeim stað sem rústirnar eru en mjög bratt er fram úr tóftinni til suðausturs. Yngri tóftin – tóft A – er um 10 x 8 m stór og snýr NV-SA á lengdina. Tóftin er gróin grasi og er grjót í veggjum og op á miðjum SA-gafl. Tóft A hefur verið byggð ofan í eldri tóft eða tóftir: ekki fæst betur séð en að signir, lynggrónir og bogadregnir veggir séu fast norðvestan við tóft A. Leifar þessar eru signar og ógreinilegar, mun eldri að sjá heldur en hleðsur tóftar A. Garðlagið sem liggur frá Eiríksbæ er einnig bersýnilega eldra en tóft A og hefur tóftin að hluta til verið byggð ofan á garðlagið sem er lyngi vaxið (sjá umfjöllun hér að aftan um skurð #2). Skurðurinn var grafinn þvert í vestanverða tóftina, 4 m langur og 1 m breiður. Grjótveggur kom í ljós með moldarfyllingu eins og búast mátti við. Inni í tóftinni sáust engin ummerki þess að búið hafi verið í tóftinni og því má álykta sem svo að tóftirnar séu leifar stekks eða annars viðlíka skepnuhúss.

## KÖNNUNARSKURÐUR #2



SNID Í KÖNNUNARSKURÐI #2



SAMA SNID, TÖLVUTEIKNAD

Siginn garður og lynggróinn liggur frá tóftum „Eiríksbæjar“ (sjá skurð #2) til beggja handa, NA-SV. Garðurinn er um um 200 m langur í heild og rís um 0,3 m úr umhverfinu. Á stöku stað glittir í grjót neðst í garðinum sem er orðinn skörðóttur. Garðurinn er eftir holtabrún en neðan holtisins er mikil mýrarflói. Breidd garðsins er mest um 2 m en sumstaðar er hann mjórri. Yngsta tóftin (tóft A) af meintum tóftum Eiríksbæjar er auglýsilega yngri en garðurinn því hún er byggð ofan í garðinn.

Grafinn var könnunarskurður í garðlagið vestan við „Eiríksbæ“. Skurðurinn um 30 m frá rústunum, þar sem örlítið rof var í garðinn. Var grafið vel inn í það til norðurs til að fá sem skýrasta mynd af mannvirkinu. Á þessum stað var garðlagið um 1,7 m breitt á yfirborði. Skurðurinn – 2 m langur og 1 m breiður – var grafinn þvert yfir garðlagið og sneri hann VNV-SSA á lengdina. Undir u.þ.b. 0,3 m þykkri grasrót og yfirborðsruðningi [no. 1] kom mannvirkið í ljós. Upp að veggnum og aðeins yfir hann hafði safnast um 0,2 m af jarðvegi, áfokslög [no. 2] en ekkert slíkt var að sjá norðanmegin. Milli steina [no. 4] var torfrust eða mjög eyddar leifar torfhleðslu [no. 3]. Svo er að sjá að á þessum stað hafi garðurinn verið um 1 m breiður með grjótinu en hleðslan eða fremur uppfyllingin milli steinanna er um 0,6 m. Úr torfhleðslunni [no. 3] var tekið sýni til að athuga hvort finna mætti gjósku í torfinu en í því voru sýnilegar sand- eða gjóskulinsur. Það kom svo á daginn að engin gjóska fannst í sýninu. Eðlilega fundust ekki gripir í veggnum sem oft getur tímasett mannvirki en í þessu tilfelli er ekki hægt með vissu að segja til um aldur garðsins vegna gripa- og gjóskuleysis. Hinsvegar er einsýnt að garðurinn er eldri en tóft A í skurði #1 (sjá umfjöllun um skurð #1).

#### KÖNNUNARSKURÐUR #3


Nyrst upp af Baulubrekuvogi, undir hrygg – Slamburfalli – sem gengur í sjó fram, eru 3 tóftir í viki undir klettahrygg í norðri og vestri. Suðvestasta tóftin kúrir undir grónum klettahrygg, um 4 x 4 m á kant. Hringlaga tóft er 4 m norðaustar, tæpir 3 m í þvermál. Nyrsta tóftin er áberandi stærst, 10 m á lengd A-V og um 4 m á breidd. Tóftin er lyngvaxin og fornleg, tvískipt en innangengt á milli hólfa. Lítið grjót er sjáanlegt í hleðslum sem eru hæstar um 0,5 m. Austurendi byggingarinnar er bogadreginn og líkist því skálabyggingu en þó virðist vera dyraop á austurgaffli sem samræmist ekki kenningum um hvar dyr voru yfirleitt á víkingaaldarskálum. Engu að síður var ákveðið að grafa skurð í tóftina, 2,5 m langan skurð og um 0,6 m breiðan þvert á austari tóftina og sneri skurðurinn N-S á lengdina.



LOFTMYNDIR TEKNAR AF KÖNNUNARSKURÐI

Komið var niður á fremur lítilfjörlegan grjótvegg með lausri mold á milli raða. Grafið var töluvert langt inn í tóftina en engin gólfölg fundust eða nokkuð annað sem gæti gefið vísbendingu um að fólk hafi dvalið í tóftinni. Niðurstaðan varð því sú sama og í skurði #1 að um skepnuhús sé að ræða.






TEIKNING AF NYRÐRI ÁVEITUGARÐI OG ÚTHLEYPINGAROPINU. Í OPINU MÁ SJÁ TUNNULEIFARNIR OG GRJÓTIÐ SEM HÛN LÁ Á.

Norðurnes er norðvestur frá bæjarstæði Öxneyjar. Á milli hárra holta á nesinu er mýrarfláki sem liggur NA SV. Milli holtanna hafa verið hlaðnir tveir áveitugarðar, einn að norðvestanverðu, við fjöruna, annar að suðvestanverðu til að stöðva flæðið í þá átt en náttúrulegur hryggur afmarkar svæðið að suðaustanverðu. Vatnið hefur því safnast fyrir suðvestast í mýrinni. Áveituengi eða vatnsveitingaengi var það land stundum kallað þar sem vatni var veitt á með skurðum, stíflum eða flóðgörðum (Sigurður Sigurðsson. 1903. „Vatnsveitingaengi.“ *Búnaðarrit* 17. ár. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík. 163–174).

Áveitur voru yfirleitt byggðar til að veita vatni á akra eða slægjuland en algengt varð að byggja slík mannvirki



LOFTMYND FRÁ LMÍ (L7573CR). ÁVEITUGARÐARNIR TEIKNADIR MEÐ HVÍTU. VEL SÉST HVERNIG ÞEIR LOKA AF MÝRARSUNDIN.

á umbótaskleiði í landbúnaði á 19. öld og í upphafi þeirrar 20. (Orðasafn í fornleifafræði 1.0:

<http://www.fornleif.is/instarch/ordasafn/>)

Garðarnir virðast ekki mjög fornir, grasi grónir og vel sýnilegir þó þeir séu nokkuð sokknir í mýrina nær hæð þeirra mest um 0,4 m. Syðra garðlagið snýr í NV-SA og er um 26 m langt og um 1,5 m breitt. Nyrðra garðlagið snýr SV-NA og er um 22 m langt og 1 m breitt. Hallar landinu örlítið að þessu garðlagi og um það mitt

er rás – úthleypingarop – mýrin er sunnan/ofan garðsins en fjaran norðan/neðan við. Ákveðið var að kanna mannvirkið þar sem rásin var. Grafin var 1x1 m stór skurður þar sem rásin var. Í ljós kom að þar í hafði verið komið fyrir tunnu, nú fallin í stafi. Tunnan hafði verið lögð á belginn og notuð sem ræsi en bæði botn og lok vantaði en að líkindum hefur verið lokubúnaður til staðar þegar vatni var safnað á engjarnar.

#### AKURMINJAR

Akranes eru suðvestan bæjarins í Öxney og er grasi gróið og slétt, hallar mót norðri. Nesið er fremur mjótt, hæst syðst en brekkan er aflíðandi niður að Stofuvogi. Á yfirborði má greinilega sjá ummerki sem telja má sambærileg við aðrar kunnar akurminjar. Heildarsvæðið er um 96 x 20 m og snýr NA-SV en reitunum hallar móti NV. Reitirnir eru 13 talsins og er stærð þeirra mismunandi, sá stærsti er um 18 x 15 m en sá minnsti 15 x 5 m. Jarðvegssýni úr akurminjum var tekið til frjókornarannsóknar en niðurstöður hafa enn ekki fengist.

#### VÍSBENDINGAR

Eftir fornleifaskráningu og uppgröft í Öxney er sýnt að eyjan hafi fyrst og fremst verið nýtt til landbúnaðar. Minjar sem eru í samhengi við landbúnað eru 21 – 33 talsins en sjóminjar eru aðeins 7 talsins og eru það aðeins lendingar og naust sem gæti vel hafa verið brúkuð þótt ekki hafi komið til sjósókn. Miðað við legu eyjarinnar – svo innarlega á Breiðafirði – kemur það ekki á óvart að frá Öxney hafi ekki verið stundað útræði af miklum krafti – kannski eingöngu til heimilisins – enda styður fornleifaskráning það. Það er einnig ljóst að ábúendur hafa staðið í jarðarbætum, bæði reynt að rækta korn og veita vatni á engjar. Öxney er stór eyja og má vera að atferli fólks þar hafi verið svipaðra því sem gerðist á landi samanborið við t.d. Hergilsey sem er mun afskekktari ef svo má segja, utar á firðinum. Allur sá fjöldi varða í Öxney ber því hugsanlega vitni.



BÆNHÚSIÐ Í ÖXNEY

## HEIMILDIR

Árbók ferðafélags Íslands. 1989. Breiðafjarðareyjar. Árni Björnsson, Eysteinn G. Gíslason og Ævar Petersen. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. 91–94.

Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum). I. bindi, 465. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1857–1876.

Orðasafn í fornleifafræði 1.0: <http://www.fornleif.is/instarch/ordasafn/>

Sigurður Sigurðsson. 1903. „Vatnsveitingaengi.“ *Búnaðarrit 17. ár*. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík. 163–174.

Örnefnaskrár Öxneyjar: skráð eftir Sigríði Jóhannsdóttur. 1978.

Skráð eftir Jónasi Jóhannssyni bónda í Öxney af Lúðvíki Kristjánssyni. Ár ekki vítað.

Viðbót við örnefnaskrá eftir Guðrúnu Jóhannsdóttur. 1978.